

Grímsnes-og Grafningshreppur
Margrét Sigurðardóttir
Borg
801 Selfoss



UST

Umhverfisstofnun

Swedish and Food Agency of Iceland

Stuðulatastunni 24
P.O. Box 108, Reykjavík, Iceland

Phone (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb. <i>0A</i>
25 MAI 2004
<i>5F-23</i>
Tilv. <i>UST20040500130</i>

24. maí 2004

Tilvísun: UST20040500130/0á

Deiliskipulag þjónustumiðstöðvar í Þrastarlundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Umhverfisstofnun hefur borist erindi frá sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Þrastarlundi. Vísað er í meðfylgjandi bréf Umhverfisstofnunar, dags. 23. janúar 2004 hvað varðar umfjöllun um náttúruverndargildi svæðisins. Í því bréfi var eingöngu fjallað um byggingu þjónustumiðstöðvarinnar en ekki deiliskipulag svæðisins í heild sinni.


Umhverfisstofnun ítrekar þá afstöðu að mannvirkjagerð á þessu svæði, með tilheyrandi raski á skóglendi, skuli halda í lágmarki enda rýrir slíkt rask verndargildi svæðisins. Því telur stofnunin að byggingarreit fyrir þjónustumiðstöðina skuli afmarka eins þröngt og kostur er, en í skipulaginu virðist sem byggingarreiturinn sé afmarkaður rúmt. Einnig er í skipulaginu fjallað um s.k. seinni áfanga hússins og starfsmannahús sem ekki hafa verið kynnt Umhverfisstofnun áður. Með hliðsjón af ofangreindri afstöðu stofnunarinnar og verndargildi svæðisins telur stofnunin að sé talið nauðsynlegt að raska svæðinu enn frekar með mannvirkjagerð en nú er orðið skuli kveðið á um það í skipulagsskilmálum að *eingöngu* sé heimilt að fjarlægja gróður fyrir nýjum byggingum.

Umhverfisstofnun gerir jafnframt athugasemdir við kafla í skipulagsskilmálum sem nefnist gróðursvæði. Þar segir:

„Heimilt er að fjarlægja gróður til að rýma fyrir nýjum byggingum, bílastæðum og vegum. Græða skal opin sár sem myndast við framkvæmdirnar. Þar sem vegur og bílastæði breytast skal fjarlægja mól úr gömlum vegi og bílastæði og græða upp svæðið. Frágangur gróðursvæða skal vera í samræmi við staðarandann og gróðurfarið á staðnum.“


Óljóst er hvernig haga á frágangi á núverandi malarplani í kringum svæðið eða eldri mannvirkjum s.s. umhverfi núverandi bensínafgreiðslu þannig að það falli sem best að umhverfinu. Að mati stofnunarinnar er afar mikilvægt að umhverfi staðarins falli sem best að núverandi skóglendi. Með fyrirhuguðum framkvæmdum verður svæðið afar áberandi frá þjóðvegi þegar komið er að Sogsbrú að vestan. Því telur stofnunin mikilvægt að frágangur miði að því að fella bílastæði og mannvirki sem best inn í landslagið. Að mati stofnunarinnar er ekki nægilegt að tyrfa yfir eldra rask og kveða skuli skýrar að orði varðandi val á plöntutegundum, planta skuli birki eða

öðrum trjátegundum sem einkenna svæðið til mótvægis við aukningu á mannvirkjum á svæðinu. Jafnframt er óljóst hvað átt er við með „staðarandanum” þegar fjallað er um gróðursvæði. Slík orðanotkun getur valdið misskilningi.



Olafur Arnason
Sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Helgi Jónsson
Forstöðumaður framkvæmda
og eftirlitssviðs

Umhverfisstofnun
Ab. OP HJ
23 JAN. 2004
54.52
Tilv. UST2003120011



Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Arinbjörn Vilhjálmsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 10
103 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

23. janúar 2004

Tilvísun: UST2003120011/6á

Bygging þjónustumiðstöðvar í Þrastalundi, Grímsnes og Grafningshreppi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um byggingu þjónustumiðstöðvar við Þrastarlund í Grímsnes og Grafningshreppi. Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Alviðra og Sog* (nr. 747). Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu.

(1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álfavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

Benda má á að í Þrastarskógi má finna eggvívíblöðku og ferlaufung, sem eru friðlýstar með auglýsingu nr. 184/1978, og hrúðurflétta sem einungis hefur fundist á tveimur stöðum á landinu. Því er brýnt að varlega sé farið í framkvæmdir á svæðinu. Jafnframt má benda á að samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun, ásamt Skógrækt ríkisins, vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum til útivistar. Því telur stofnunin rétt að mannvirkjagerð í náttúrulegum birkiskógum sé haldið í algjöru lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir á að þegar fulltrúum hennar var kynnt framkvæmdir voru þær þegar hafnar og telur stofnunin ástæðu til að gagnrýna þá málsmeðferð. Búið var að ryðja burt skógi og raska landi í kringum fyrirhugaða byggingu og því lítið svigrúm til athugasemda varðandi staðsetningu þessarar byggingar.

Hvað útlit fyrirhugaðrar byggingar varðar þá gerir stofnunin ekki athugasemdir við hana. Af teikningum má ráða að byggingin falli vel að landi, enda búið að ryðja burtu skógi umhverfis bygginguna til að fella hana inn í landið. Stofnunin telur afar mikilvægt að við efnis- og litaval verði það haft að markmiði að byggingin skeri sig sem minnst úr umhverfi sínu.

Eins og fram kemur í bréfi skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu er deiliskipulag fyrir þessa framkvæmd nú í vinnslu. Í því skipulagi ættu að liggja fyrir frekari upplýsingar um tilhögun og frágang á umhverfi þjónustumiðstöðvarinnar. Að svo komnu máli telur Umhverfisstofnun að mikilvægast sé að stofnunin fái tækifæri til að gefa umsögn sína um hvernig gengið verði frá því svæði sem nú opnast í kringum gömlu þjónustumiðstöðina, hvernig frágangi verði háttað umhverfis fyrirhugaða þjónustumiðstöð og hvernig áframhaldandi aðgengi og útivistarmöguleikar verði tryggðir eftir framkvæmdir. Stofnunin óskar þess því að fá


umrædda tillögu að deiliskipulagi til umsagnar áður en hún fer til auglýsingar, svo svigrúm verði fyrir framkvæmdaraðila til að taka tillit til athugasemda stofnunarinnar, eftir því sem við á, áður en ráðist verður í endanlegan frágang á svæðinu.

Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist svara fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Arnason



Helgi Jónsson
Forstöðumaður framkvæmda
og eftirlitssviðs.